

## Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um þriggja fasa rafmagn.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Hversu háar fjárhæðir er áætlað að fari í tengingu þriggja fasa rafmagns á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins á þessu ári, greint eftir umdæmi Rariks, og hver er áætluð fjárveiting næsta árs og hvar verður framkvæmt?
2. Hvaða landshlutar, sveitarfélög eða svæði, eru enn án þriggja fasa rafmagns?
3. Hver er áætlaður kostnaður við að ljúka lagningu þriggja fasa rafmagns á landinu og hvenær er áætlað að ljúka því verki?

Skriflegt svar óskast.